

44
14. júní

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölnunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

8. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

45
14. júní

L Ö G

um

verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð í kaupstöðum og kauptúnum, til þess

að lána til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi 45 setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5^{14.} júní manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn.

2. gr.

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kaupsinsins, í fyrsta skifti 1930.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Launin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður eða sveitarsjóður í jöfnum hlutföllum.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitar-sjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kaupsinsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvör.

3. gr.

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarféлага, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn sína.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í húsum og tryggð með veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu allt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparissjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarfélag hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv.

3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímapægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

- 45 14. júní
3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsþingsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast félagsmenn, né yfir 4000 kr. eignir.
 4. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
 5. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnar eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
 6. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
 7. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
 8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

6. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar eða kaupsþings skulu vera 3 menn. Séu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutað-eigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er

atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr **45** ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir ^{14.} júní byggingarsjóður.

7. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til bygginganna.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn eða sveitarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndar uppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.